

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja.

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi:  
Rafrænan lyfseðil er ekki unnt að leiðrétta og ber lækni að endurútgefa hann, sé villur á honum.

2. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:  
Rafrænum lyfseðli er ekki unnt að breyta og ber lækni að endurútgefa hann, sé þess þörf, nema um breytingu í samheitalyf sé að ræða skv. 7. gr.

3. gr.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein sem orðast svo:  
Útrentun rafræns lyfseðils skal meðhöndluð með sama hætti.

4. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein er orðast svo:  
Útrentun rafræns lyfseðils skal meðhöndluð með sama hætti.

5. gr.

Á eftir orðinu „símalyfseðils“ í 2. másl. 3. mgr. 15. gr. kemur: útrentun rafræns lyfseðils.

6. gr.

Við 1. másl. 1. mgr. 18. gr. bætist: þó ekki af rafrænum lyfseðli.

7. gr.

Á eftir orðinu „lyfseðlum“ í 1. másl. 1. mgr. 22. gr. kemur: rafrænum lyfseðlum.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. og 49. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 4. september 2007.*

**Guðlaugur Þór Þórðarson.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*